

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 93/2013

2013/EES/61/43

frá 3. maí 2013

um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKID NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist „EES-samningurinn“ í því sem hér fer á eftir, einkum ákvæða 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1206/2011 frá 22. nóvember 2011 um kröfur um auðkenni loftfars í tengslum við eftirlit í samevrópska loftrýminu ⁽¹⁾.
- 2) XIII. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

1. gr.

Eftirfarandi liður bætist við á eftir lið 66wi (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 255/2010) í XIII. viðauka við EES-samninginn:

„66wj. **32011 R 1206**: Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1206/2011 frá 22. nóvember 2011 um kröfur um auðkenni loftfars í tengslum við eftirlit í samevrópska loftrýminu (Stjtíð. ESB L 305, 23.11.2011, bls. 23).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti reglugerðar (ESB) nr. 1206/2011, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 4. maí 2013, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni (*), eða gildistökudag ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar sem fellir reglugerð (EB) nr. 1070/2009 inn í EES-samninginn, hvort sem ber upp síðar.

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 3. maí 2013.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Gianluca Grippa

formaður.

⁽¹⁾ Stjtíð. ESB L 305, 23.11.2011, bls. 23.

^(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.